

Greinargerð með ársreikningi 2021

Rekstrarreikningur

Tekjur og gjöld eru lægri en áætlun hljómaði upp á og eru það aðallega liðirnir „Innlend mót og sýningar“ og „Námskeið og fræðsluefni“ sem um munar. Fella þurfti niður eða fresta nokkrum mótum vegna Covid og einnig var lítið um námskeið á árinu af sömu sökum.

Við vorum búin að áætla rúmlega 12 milljóna króna tap vegna skiptingar á leyfisgjöldum en tapið endaði í rúmum 16 milljónum og ég fer betur yfir það í greinargerðinni hvers vegna við fórum 4 milljónum yfir áætlun.

Styrkir og framlög

Styrkir og framlög FSÍ eru rúmum 5,5 milljónum hærri en áætlun hljómaði upp á og tæpum 26,5 milljónum hærri en ári áður.

Ríkisstyrkur var 80 þúsund krónum lægri en ári áður og undir áætlun. Útbreiðslustyrkurinn var hinsvegar tæpum 400 þúsund krónum hærri en ári áður og vel yfir áætlun.

Við fengum fína úthlutun úr Afrekssjóði, eða tæpum 10 milljónum meira en árið 2020 enda var umfangið töluvert meira núna þegar litið er til erlendra verkefna en ári áður.

Lottó gaf vel af sér en úthlutunin var rúmum 6 milljónum hærri en ári áður og vel yfir áætlun.

Gert var ráð fyrir 7,6 milljóna króna styrk frá samstarfsaðilum og vorum við ef til vill aðeins of bjartsýn með að fá meiri styrk frá samstarfsaðilum okkar en við munum halda áfram að herja á fyrirtæki árið 2022.

Aðrar tekjur er styrkur frá Vinnumálastofnun vegna Covid en við vorum búin að áætla að hann yrði rúmum 3 milljónum krónum lægri.

Innlend mót og sýningar

Haldin voru 16 mót á árinu sem er töluverð breyting á milli ára, þar sem að eingöngu voru haldin 5 mót árið 2020. Það voru þó felld niður mót eða frestað líkt og kom fram fyrr í greinargerðinni. Einnig var fjöldi keppanda á mótum töluvert lægri en í venjulegu árferði.

Gjöldin eru þó hlutfallslega hærri en tekjurnar þar sem að FSÍ tók á sig verðlaunakostnað, sem venjulega er dreginn af hlutdeild félaga í mótagjöldum, á þeim mótum sem ekki var hægt að selja inn á vegna samkomutakmarkana. Einnig keypti FSÍ streymisþjónustu á einu móti og kom á móti því styrkur frá samstarfsaðilum að upphæð 300 þúsund.

Aðrar tekjur á mótasviði er sala á mótakerfinu til aðildarfélaga og þjálfarasektir vegna vegna þjálfaleyfa.

Dómarakostnaður var hærri en tekjur sem komu inn vegna dómara gjalda þar sem að dómara laun hækkuðu haustið 2021 sem og vegna færri fjölda keppanda á mótum FSÍ. Vegna þessa samþykkti stjórn hækkan dómaragjalda um 150 kr. á hvern keppanda í upphafi ársins 2022.

Annar mótakostnaður eru verktakalaun vegna skipulagningu hópímleikamóta, kostnaður vegna streymis, hugbúnaðarkostnaður, pósthúður verðlauna o.s.frv.

Tölvukostnaður er mótakerfið Sporteventsystems og áfyllingar á router.

Tekjur af mótasviði voru rúmar 32 milljónir og gjöldin voru rúmar 27 milljónir. Ef launakostnaður, tæpar 11 milljónir, vegna mótasviðs er dreginn frá þá má sjá að tap af mótasviði voru tæpar 6 milljónir, svo færist 1/3 mótagjalda yfir á landsliðsverkefni og ef við gerum ráð fyrir að ¼ leyfisgjalda fari yfir á mótasvið þá er tapið engu að síður tæpar 6,5 milljón.

Tekjur	32.218.050
Gjöld	-27.191.946
Laun	-10.966.520
Samtals	-5.940.416

1/3 mótagjalda á afrekssvið	-3.500.433
1/4 leyfisgjalda	3.036.287
Tap af mótasviði	-6.404.562

Alþjóðleg mót og sýningar

Áætlaðar tekjur vegna áhaldafimleika voru 2 milljónum hærrí en í raun, ástæðan fyrir þessum mun er vegna þess að við vorum búin að reikna með að fjöldi keppenda væri hærrí í þeim verkefnum sem farið var í.

Ástæðan fyrir að tekjur vegna hópíimleika eru hærrí en áætlun gerði ráð fyrir er vegna þess að unglíngarnir voru rukkaðir um 20.000 kr. meira en áætlað var þar sem að ferð þeirra framlengdist umfram það sem áætlun gerði ráð fyrir.

Rukkað var inn staðfestingagjald í lok árs á Eurogym2022 í Sviss sem er ástæðan fyrir tekjum undir liðnum „Fimleikar fyrir alla“.

Aðrar tekjur eru tekjur vegna bolakaupa unglíngalandsliðsins í hópíimleikum, en FSÍ hafði milligöngu um kaup á bolum sem landsliðin pöntuðu sér og rukkaði svo styrktaraðila og einstaklinga um upphæðina.

Þátttökugjöld voru töluvert hærrí en áætlað var og stafar það af því að þátttökugjöld á EM í hópíimleikum voru vanáætluð um 1,6 milljón.

Kostnaður vegna flugs var tæpri milljón yfir áætlun og stafar það meðal annars vegna þess að flug var vanáætlað á EM í hópíimleikum um rúmar 2 milljónir þar sem að mótið átti að vera á öðrum stað þegar áætlun var gerð og framboð á flugi töluvert minna í heimsfaraldrinum. Einnig var flug á EM í áhaldafimleikum rúmum 400 þúsund hærrí en áætlað var og flug vegna HM í Japan var hálfri milljón yfir áætlun, þar sem mótið átti upphaflega að vera í Danmörku. Á móti kom að önnur erlend verkefni voru hagstæðari en búíð var að áætla.

Hótelkostnaður fór rúmum 5 milljónum yfir áætlun. Búíð var að áætla tæpar 5 milljónir í hótelkostnað á EM í hópíimleikum sem fór í 10,5 milljónir. Jafnframt fór hótelkostnaður á HM í Japan 1,5 milljón fram yfir áætlun. Hótelverð á Covid tímum er einfaldlega mjög hátt á þessum stórum mótum og endaði á því að vera mun hærrí en okkur nokkurn tíma óraði fyrir.

Búningakostnaður var að þessu sinni töluvert lægri en við höfðum áætlað eða rúmum 3 milljónum lægri, þökk sé góðri nýtingu á þeim fötum sem voru til staðar ásamt því að við fórum í smá samstarf með Craft sem er með flott verð á fatnaði.

Sjúkrakostnaður var hærri en áætlað var þar sem að það var mikið um covid prófs kostnað og sjúkrakostnaður á EM í hóp fimleikum var einnig hærri en áætlað var. Kostnaður vegna Covid prófa á EM í áhaldafimleikum var yfir 700 þúsund krónur en við höfðum áætlað að hann yrði hálf milljón.

Matarkostnaður var rúmum 2 milljónum krónum lægri en við höfðum áætlað.

Tryggingakostnaður var einnig lægri áætlun gerði ráð fyrir þar sem að ekki þurfti að kaupa tryggingar fyrir keppendur og dómara á EM í hóp fimleikum.

Laun vegna landsliðsþjálfara var 1,5 milljón yfir áætlun og er það vegna þess að í einhverjum tilvikum fóru aðrir en landsliðsþjálfarar í landsliðsferðir.

Kostnaður vegna hæfileikamótunar var lægri en búist var við og er það vegna þess að þjálfarar í hæfileikamótun voru duglegir í samvinnu við fyrirtæki að fá flotta samninga. Einnig var búið að áætla kostnað í fatnað sem þeir fengu frítt. Inn í þennan lið vantar þó í raun launakostnað starfsmanna FSÍ þar sem að einhverjir starfsmenn komu að hæfileikamótuninni en sjá má heildarlaunakostnað skrifstofu fyrir neðan gjaldaliðina.

Liðurinn „Styrkir“ eru eyrnamerkir styrkir til einstaklinga frá Afrekssjóði.

Annar kostnaður er t.d. áhöld, verðlaunakostnaður vegna NM og NMJ í áhaldafimleikum og auglýsingakostnaður. Annar kostnaður er vel undir áætlun þar sem að við áætluðum hugsanlegar skemmdir á búnaði í Fimleikahringnum, líkt og ári áður, og gerum einnig ráð fyrir öðrum tilfallandi kostnaði í erlendum verkefnum sem var að þessu sinni lítill sem enginn.

Tekjur vegna alþjóðlegra móta og sýninga voru tæpar 64 milljónir og gjöldin rúmar 132 milljónir. Ef reiknað er með launum vegna alþjóðlegra móta og sýninga er ljóst að tapið á Afrekssviði var 87 milljónir. Ljóst er að Afrekssjóður, 1/3 hluti mótagjalda sem er eyrnamerkur landsliðsverkefnum og ¼ leyfisgjalda er ekki að vega upp á móti tapinu á sviðinu.

Tekjur	63.676.346
Gjöld	-132.077.055
Laun	-19.099.063
Samtals	-87.499.772

Afrekssjóður ÍSÍ	56.050.000
1/3 mótagjalda	3.500.433
1/4 leyfisgjalda	3.036.287
Tap af afrekssviði	-24.913.052

Námskeið og fræðsluefni

Haldin voru færri námskeið en áætlað var vegna Covid og innleiðingar á nýju fræðslukerfi. Aðrar tekjur er hagnaður sem geymdur var fyrir nokkrum árum sem áætlaður var í innleiðingu á nýju fræðslukerfi.

Þau námskeið sem haldin voru, voru flest öll á landsbyggðinni sem skýrir matar- og ferðakostnað. Við áætluðum einnig að fara hraðar inn í innleiðingu á nýju fræðslukerfi og að kostnaður vegna námsefnisgerðar yrði því hærri en í raun var.

Tekjur af námskeiðum og fræðslu voru rúmar 13,5 milljón og gjöldin rúmar 10 milljónir, ef tekinn er inn launakostnaður af sviðinu upp á tæpar 13 milljónir þá er ljóst að tap af fræðslusviði er 9,5 milljónir sem er áhyggjuefni þar sem að útbreiðslustyrkur og ¼ leyfingjalda er ekki að veða upp á móti tapinu sem og að þessar 5 milljónir sem komu inn í öðrum tekjum koma ekki inn aftur.

Tekjur	13.530.000
Gjöld	-10.061.802
Laun	-12.829.274
Samtals	-9.361.076

Útbreiðslustyrkur	5.387.415
1/4 hluti leyfisgjalda	3.036.287
Tap á fræðslusviði	-937.374

Leyfiskerfi

Ástæðan fyrir lækkun tekna á milli ára má rekja til tvískiptingu leyfisgjalda en á síðasta þingi var ákveðið að rukkað yrði í lok árs og aftur í lok mótatímabils á vorönn, í stað þess að rukka allt leyfisgjaldið í einu.

Við áætluðum að tekjur vegna leyfiskerfis yrðu rúmum 1,5 milljón hærri en í raun bar vitni. Tekjur vegna bronsleyfa hafa t.d. lækkað töluvert milli ára og einnig vegna gullleyfa.

Við erum einnig að taka eftir því að félögin virðast eiga eftir að skrá inn leyfi nú á vorönn, ef ekki þá höfum við þungar áhyggjur þar sem að fjöldi leyfa hefur lækkað töluvert frá haustönn.

Aðrar tekjur

Um er að ræða félagaskipti og tekjur sem við innheimtum fyrir útlagðan kostnað.

Fimleika Events ehf.

Fyrirtækið greiddi kostnað vegna endurmörkunar FSÍ sem ekki var búið að áætla í fjárhagsáætlun sem og markaðsvinnu sem unnin var í við Fimleikahringinn.

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um rúmlega 21 milljón á milli ára og eru um 2,2 milljón yfir áætlun. Árið 2020 greiddi fyrirtækið „Fimleika Events“ laun fyrir 2,5 starfsgildi ásamt hluta af launum annarra starfsmanna og útskýrir því hækkunina á milli ára. Ástæðan fyrir því að þessi liður er hærri en áætlun hljómaði upp á er vegna þess að ekki var gert ráð fyrir dagpeningum starfsmanna í áætlun en í áætlun 2022 hefur verið gert ráð fyrir dagpeningum.

Hugbúnaðarkostnaður var 300 þúsund yfir áætlun og um 500 þúsund hærri en ári áður. Stærstu liðirnir í hugbúnaðarkostnaði er bókhaldskerfið Microsoft Dynamics sem eru tæpar 700 þúsund á ári ásamt

Microsoft en kostnaður vegna þess er tæpar 300 þúsund á ári. Önnur forrit sem erum að greiða af er vegna heimasíðu, þjónustugáttar, klippiforrita, myndasíðu FSÍ o.frv. Eins og gengur og gerist hefur verðið á forritunum hækkað á milli ára, við vorum til að mynda að greiða 49.000 kr. á mánuði fyrir bókhaldskerfið árið 2020 en verðið hefur hækkað um 12.000 kr. á mánuði á árinu 2021. Við ætlum þó að ráðast í það verkefni á árinu 2022 að reyna lækka þennan kostnað.

Ekki var áætlaður kostnaður við markaðsstarf á árinu 2021 en ákveðið var að merkja skrifstofu FSÍ betur með því að fá filmur í glugga og einnig fór undir þennan lið atvinnuauglýsingar sem auglýstar voru hjá Alfreð.

Símakostnaður jókst milli ára sem á skýringu að rekja í starfsmannaveltu á skrifstofu, Fimleika Events sá einnig um símakostnað þeirra starfsmanna sem unnu að Eurogym árið 2020.

Einungis var áætlað 150.000 kr. í bókhaldskostnað á árinu en ákveðið var að ganga frá uppgjöri við endurskoðanda vegna vinnu síðustu fjögurra ára.

Kostnaður vegna gjafa var töluvert hærri en búíð var að áætla og einnig hærri en ári áður. Þessi kostnaður getur verið mjög breytilegur á milli ára.

Kostnaður vegna tölvu og tækja var einnig hærri en áætlað var en tölvubúnaður starfsmanna var að einhverju leiti orðinn mjög lúinn.

Tryggingakostnaður var hærri en búíð áætlað var vegna þess að þegar tryggingarvernd sambandsins var skoðuð, þá kom í ljós að FSÍ var vantryggt og óskað var eftir breytingu á tryggingarvernd sem orsakaði hækkun iðgjalda.

Annar kostnaður er útlagður kostnaður sem innheimtur var í öðrum tekjum ásamt bankakostnaði og seðilgjöldum.

Aðrir liðir eru rétt fyrir ofan eða lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir og teljast því eðlilegir.

Afskriftir

Ekki var farið í afskriftir á árinu 2021 þar sem tap var á rekstri FSÍ.

Fjáreignartekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur FSÍ voru samtals 161.816 kr. og vaxtakostnaður alls 60.507 kr. Gengismunur var jákvæður að upphæð 1.312.108 kr. Sem gaf okkur 1.413.417 kr. í hreinar fjármunatekjur.

Rekstrartap ársins

Rekstrartap ársins eru rúmar 16 milljónir en áætlaðar voru 12 milljónir í tap vegna skiptingar leyfisgjalda. Á Fimleikabingi 2021 var ákveðið að rekstrarafgangur ársins 2020 upp á rúmar 20 milljónir yrðu nýttar í erlend verkefni næstu tveggja ára, þar sem vitað var að EM í hóp fimleikum færi fram tvö ár í röð og að kostnaður í erlendum verkefnum yrði meiri vegna Covid.

Efnahagsreikningur

Líkt og með rekstrarreikningin þá er um að ræða efnahagsreikning samstæðu, þ.e. efnahag FSÍ og Fimleika Events ehf. er steypt saman.

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur hækkuðu um rúmar 6 milljónir á milli ára. Skuld ÍSÍ við FSÍ voru tæpar 7,7 milljónir í lok ársins sem var gengið frá í upphafi ársins 2022. Eftir standa því rúmar 4,5 milljónir sem eru að einhverju leiti skuldir sem gengið var frá í upphafi ársins 2022 þar sem eindagi reikninga, sem gefnir voru út í desember, voru dagsettir í janúar 2022.

Aðildarfélög

Skuld aðildarfélaganna við FSÍ hefur lækkað um tæpar 8 milljónir á milli ára sem er tilkomið vegna tvískiptingu leyfisgjalda. Einhver félög greiddu þó leyfisgjöld haustannar í upphafi ársins 2022. Nánast ekkert félag er í skuld við FSÍ í dag.

Afrekssjóður

Eðlilegt er að Afrekssjóður sé ekki full innheimtur í lok ársins 2021 þar sem að lokagreiðsla er greidd í upphafi ársins 2022.

Handbært fé

Handbært fé lækkaði um rúmar 17 milljónir á milli ára. Ástæðan fyrir því að handbært fé hefur lækkað er tap ársins 2021. Rekstrarafgangur 2020 var 20 milljónir og því eðlilegt að handbært fé hafi lækkað síðan þá.

Eigið fé og skuldir

Hlutafé að upphæð 500.000 kr. er eign í dótturfélaginu Fimleika Events ehf.

Óráðstafað eigið fé FSÍ var 70.448.209 kr. í lok ársins 2021 sem er óráðstafað eigið fé FSÍ árið 2020 mínus tap FSÍ árið 2021. Óráðstafað eigið fé Fimleika Events ehf. var -15.321.467 kr. í lok ársins 2021 sem er óráðstafað eigið fé í lok árs 2020 mínus tap fyrirtækisins á árinu 2021. Þegar óráðstöfuðu eigið fé samstæðunnar er steypt saman myndast því upphæðin 54.626.742 kr.

Eigið fé í lok ársins 2021 er því rúmar 55 milljónir.

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir hafa hækkað örlítið á milli ára. Flest öll erlendu verkefni voru í nóvember og desember, við vorum því að fá mikið af reikningum í desember sem ekki voru greiddir fyrr en á árinu 2022.

Ógreiddur kostnaður

Ógreiddur kostnaður ársins 2020 var tekjufærður í ár yfir á fræðsluvið líkt og kom fram fyrr í greinargerðinni.

Greiðslukort

Um er að ræða skuld á VISA kortum í lok ársins 2021 sem greidd var í byrjun janúar 2022.

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

Veltufé frá rekstri er tap samstæðunnar á árinu 2021. **Veltufé frá rekstri lækkar því um rúmar 38 milljónir á milli ára.**

Bæði skammtímakröfur og skammtímaskuldir lækkuðu á árinu, skammtímakröfur lækkuðu um 2.435.404 kr. og skammtímaskuldir lækkuðu um 3.477.664 kr. Vegna þessa urðu **neikvæðar breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum um rúma milljón**, því er **handbært fé frá rekstri neikvætt í lok ársins eða tæpar 17,4 milljón króna**.

Eva Hrunn Gunnarsdóttir
Fjármálastjóri
Fínleikasamband Íslands